

Fyrirspurn

til félagsmálaráðherra um launa- og starfskjör á vernduðum vinnustöðum.

Frá Jónönnu Sigurðardóttur.

1. Hver eru launa- og starfskjör á vernduðum vinnustöðum, sundurliðað milli sambærilegra vinnu- og starfsþjálfunarstöðva, og gilda samræmdar reglur um launa- og starfskjör þar og mat á vinnugetu fatlaðra? Ef ekki, mun ráðherra beita sér fyrir því að settar verði reglur sem tryggi samræmd lágmarkskjör á vinnu- og starfsþjálfunarstöðvum fatlaðra?
2. Hverjir gæta hagsmuna fatlaðra varðandi kaup og kjör á vernduðum vinnustöðum?
3. Hvernig hefur lífeyrisréttindum fatlaðra verið háttað á hverri vinnu- og starfsþjálfunarstöð fyrir sig síðustu fimm ár og hafa verið virt ákvæði laga um skyldu til greiðslu í lífeyrissjóð? Óskað er eftir að greint verði frá hvernig málum þessum er háttað á hverjum stað fyrir sig.

Skriflegt svar óskast.